

Nr. 47  
28. nóv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíbúrg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christían R.**

(L. S.)

*Sig Eggerz.*

Nr. 48  
28. nóv.

## Lög

um

löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um eyðing refa eða önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþykta og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sjer um, að reglugerðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni.

2. gr.

Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitarsjóði. Þó má sýslunefnd

ákveða í reglugerð, að veita megi úr sýslusjóði verðlaun fyrir framúrskarandi Nr. 48 dugnað við eyðing refa, svo og að kostnaður við grenjaleitir og grenjavinslu 28. nóv. skuli, þegar sjerstaklega stendur á, greiðast af fleiri sveitarsjóðum en einum, eða af einstökum mönnum, sem land eiga þar, sem grenjaleit eða grenjavinsla fer fram, eða njóta hagsmuna af því.

## 3. gr.

Skýrslur um eyðing refa og útlagðan kostnað við hana skulu gerðar af framkvæmdarstjórn refaeyðingarsvæða, hvers fyrir sig, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, og sendar sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs.

Eftir að sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir átt kost á að athuga skýrslur þessar og leiðrjetta þær, ef þurfa þykir, skulu þær sendar stjórnarráðinu, er síðan annast um, að þær verði birtar á sama hátt og aðrar skýrslur um landshagi.

## 4. gr.

Í reglugerð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugerð, frá 10—500 krónur. Sektir renna í sveitarsjóð, þar er brot er framið. Alt að 2 króna dagsektum má beita fyrir hvern þann, er tregðast við að gefa skýrslu samkvæmt 3. gr., og renna dagsektir í viðkomandi sýslusjóð eða bæjarsjóð.

## 5. gr.

Með brot gegn löggiltum reglugerðum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 6. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 11, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*